

ÖRYGGISBLAÐ

INTERGARD 740RED BUFF PART A

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni

Vöruheiti : INTERGARD 740RED BUFF PART A
Kóði vöru : ECG194

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Tilgreind notkun	
Fagleg notkun á þekjuefnum, þekjulitum og bleki	
Notkun sem ráðið er frá	Ástæða

1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

International Paint Ltd.
Stoneygate Lane
Felling
Gateshead
Tyne and Wear
NE10 0JY UK
Tel: +44 (0)191 469 6111 Fax: +44 (0)191 438 3711
tölvupóstfang þess aðila : sdsfellinguk@akzonobel.com
sem er ábyrgur fyrir þessu
öryggisblaði

Tengiliður í viðkomandi landi

SérEfni ehf, Síðumúli 22, Iceland

Tel: +354 517 0404 Fax: +354 517 0403

1.4 Neyðarsímanúmer

Ráðgjafarnefnd/Eitrunarmiðstöð Einungis ætlað til notkunar af heilbrigðisstarfsfólki.

Símanúmer : +354 543 22 22

Birgir

Símanúmer : +44 (0)191 469 6111 (24H)

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Skilgreining á vöru : Efnablanda

Flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]

Flam. Liq. 3, H226
Skin Irrit. 2, H315
Eye Irrit. 2, H319
Skin Sens. 1, H317
STOT SE 3, H335
Aquatic Chronic 3, H412

Varan telst hættuleg samkvæmt reglugerð (EB) 1272/2008 með síðari breytingum.

2. LIÐUR: Hættugreining

Í kafla 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru hér á undan.

Sjá kafla 11 til að fá nánari upplýsingar um heilsufarsleg áhrif og einkenni.

2.2 Merkingaratriði

Hættumerki



Viðvörðunarorð

: Varúð

H-Setningar

: Eldfimur vökvi og gufa.
Veldur alvarlegri augnertingu.
Veldur húðertingu.
Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.
Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Varnaðarsetning

Til að fyrirbyggja

: Notið hlífðarhanska. Notið augn- eða andlitshlífar. Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar. Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými. Forðist losun út í umhverfið.

Viðbrögð

: EFTIR INNÖNDUN: Farið með viðkomandi út undir bert loft og gerið honum sem auðveldast að anda. BERIST EFNID Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr öllum fötum sem óhreinast af efninu. Skolið húðina með vatni eða farið í sturtu. BERIST EFNID Á HÚÐ: Farið úr fötum sem óhreinast hafa af efninu og þvoið áður en þau eru notuð aftur.

Geymsla

: Geymist á köldum stað.

Förgun

: Fargið innihaldi/íláti í samræmi við allar staðbundnar, svæðisbundnar reglugerðir og reglugerðir á landsvísu og þjóðavísu.

Hættuleg innihaldsefni

: Reaction product: bisphenol-A-(epichlorhydrin) and epoxy resin, 700 <mol weight < 1000
xýlen
Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt
Fatty acids, C18-unsatd., trimers, compds. with oleylamine
Fatty acids, tall-oil, compds. with oleylamine

Aðrir hlutar merkimiða

:

Notið viðeigandi öndunargrímu þegar loftræsting er ekki næg.

XVII. viðauki - Takmarkanir : Á ekki við.

að því er varðar
framleiðslu,
markaðssetningu og
notkun tiltekinna
hættulegra efna,
efnablandna og hluta

2.3 Aðrar hættur

Aðrar hættur sem leiða ekki til flokkunar

: Ekki þekkt.

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

3.2 Blöndur

: Efnablanda

Vara/heiti innihaldsefnis	Auðkenni	% af þyngd	Flokkun Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]	Nota (s)	Gerð
Reaction product: bisphenol-A- (epichlorhydrin) and epoxy resin, 700 <mol weight < 1000	CAS: 25068-38-6	≥10 - ≤25	Skin Irrit. 2, H315 Eye Irrit. 2, H319 Skin Sens. 1, H317	-	[1]
xýlen	REACH #: 01-2119488216-32 EB: 215-535-7 CAS: 1330-20-7 Atriðaskrá: 601-022-00-9	≥10 - ≤25	Flam. Liq. 3, H226 Acute Tox. 4, H312 Acute Tox. 4, H332 Skin Irrit. 2, H315 Eye Irrit. 2, H319 STOT SE 3, H335 Asp. Tox. 1, H304	C	[1] [2]
Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt	REACH #: 01-2119455851-35 EB: 265-199-0 CAS: 64742-95-6 Atriðaskrá: 649-356-00-4	≤10	Flam. Liq. 3, H226 STOT SE 3, H335 STOT SE 3, H336 Asp. Tox. 1, H304 Aquatic Chronic 2, H411 EUH066	P	[1] [2]
1-Metoxý-2-própanól	REACH #: 01-2119457435-35 EB: 203-539-1 CAS: 107-98-2 Atriðaskrá: 603-064-00-3	≤6.5	Flam. Liq. 3, H226 STOT SE 3, H336	-	[1] [2]
Etylbensen	REACH #: 01-2119489370-35 EB: 202-849-4 CAS: 100-41-4	≤5	Flam. Liq. 2, H225 Acute Tox. 4, H332 Skin Irrit. 2, H315 Eye Irrit. 2, H319 STOT SE 3, H335 STOT RE 2, H373 (heymarlíffæri) Asp. Tox. 1, H304 Í kafla 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru hér á undan.	-	[1] [2]

Það eru engin viðbótar innihaldsefni til staðar sem, samkvæmt núverandi þekkingu birgis og í þeim styrkleika sem um er að ræða, eru flokkuð sem hættuleg heilsu eða umhverfi, eru PBT eða vPvB eða sem eru með skilgreind váhrifamörk á vinnustað (vinnuverndarmörk) og sem þarf þessvegna að tilkynna um í þessum kafla.

Gerð

[1] Efni sem er flokkað hættulegt heilsu eða umhverfi

[2] Efni sem hefur váhrifsmörk á vinnustað

[3] Efnið stenst mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrif (PBT) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð (EB) nr. 1907/2006

[4] Efnið stenst mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð nr. 1907/2006

[5] Jafngildisefni

Vinnuverndarmörk, ef þau eiga við, eru listuð upp í kafla 8.

Nota
(s)

4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt	: Ef einkenni eru viðvarandi eða einhver vafi leikur á greiningu skal leita læknis. Aldrei skal gefa meðvitundarlausum aðila eitthvað inn um munn. Ef viðkomandi missir meðvitund skal setja hann í læsta hliðarlegu og leita læknis.
Snerting við augu	: Fjarlægja linsur, skola copiously með hreinu vatni, halda augnlokum sundur í að minnsta kosti 10 mínútur og leita tafarlaust til læknis.
Innöndun	: Færið í ferskt loft. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. Ef sjúklingurinn andar ekki, andar óreglulega eða fer í öndunarstopp skal þjálfað starfslið veita öndunarhjálpi eða gefa súrefni.
Snerting við húð	: Fjarlægja skal föt og skó sem óhreinkast af efninu. Þvoið húð vandlega með sápu og vatni eða notið viðurkenndan húðhreiðsi. Notið EKKI leysa eða þynna.
Inntaka	: Leitið læknisaðstoðar tafarlaust ef inntaka hefur átt sér stað og sýnið þetta ílát eða miðann. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. EKKI framkalla uppköst.
Persónuhlífar skyndihjálparfólks	: Engin aðgerð skal framkvæmd sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Þjörgunaraðili skal nota viðeigandi andlitsgrímu eða öndunarbúnað ef grunur leikur á að gufur séu enn til staðar. Það getur verið hættulegt fyrir þann aðila sem veitir skyndihjálpi að beita munn við munn aðferðinni. Þvo skal föt sem hafa óhreinkast af efninu vel með vatni áður en þau eru fjarlægð, eða notið hanska.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Hugsanleg bráð áhrif á heilbrigði

Snerting við augu	: Veldur alvarlegri augnertingu.
Innöndun	: Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
Snerting við húð	: Veldur húðertingu. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.
Inntaka	: Ertandi fyrir munn, háls og maga.

Einkenni/merki um of mikil váhrif

Snerting við augu	: Hugsanlegar aukaverkanir eru meðal annars: verkir eða erting í húð táramyndun roði
Innöndun	: Hugsanlegar aukaverkanir eru meðal annars: erting í öndunarvegi hósti höfuðverkur sljóleiki/preyta sundl/svimi slappleiki í vöðvum meðvitundarleysi
Snerting við húð	: Hugsanlegar aukaverkanir eru meðal annars: ertandi áhrif roði
Inntaka	: Engar sértækar upplýsingar.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Athugasemdir ætlaðar lækni	: Meðhöndlið samkvæmt einkennum. Hafið strax samband við sérfræðing í eitrunum ef stórir skammtar hafa verið teknir inn eða andað inn.
Sérstök meðhöndlun	: Engin sértæk meðferð.

5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður

Viðeigandi slökkvibúnaður : Notið þurrft efnaduft, CO₂, vatnsúða (þoku) eða froðu.

Óhentugur slökkvibúnaður : Notið ekki vatnsháprýstidælu.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Hætta sem stafar af efninu eða blöndunni : Eldfimur vökvi og gufa. Við eldsvoða eða upphitun, mun þrýstingur aukast hratt og ílátið getur opnast sem getur haft sprengingu í för með sér. Leki í niðurfall getur valdið eldi eða sprengihættu. Þetta efni er skaðlegt vatnalífverum og hefur langvarandi áhrif. Slökkvivatn sem er mengað af þessu efni verður að afmarka og fyrirbyggja verður að það sé losað í vatn, ræsi eða niðurfall.

Hættuleg hitaniðurbrotsefni : Niðurbrotsafurðir geta innihaldið eftirfarandi efni:
koldíoxíð
kolsýringur
brennisteinsdíoxíð
málmoxíð

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar varnaraðgerðir fyrir slökkviliðsmenn : Einangrið slysstað umsvifalaust með því að fjarlægja alla aðila burt af slysstað ef eldur er laus. Engin aðgerð skal framkvæmd sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Færið ílát frá eldsvæðinu ef slíku er hægt að koma við áhættulaust. Notið vatnsúða til að kæla ílát nærri eldinum.

Sérstakan hlífðarbúnaður fyrir slökkviliðsmenn : Slökkviliðsmenn skulu klæðast viðeigandi hlífðarbúnaði og nota ferskloftsgrímu eða öndunartæki með samþjöppuðu súrefni (SCBA) og skal tækið tengt heilgrímu sem er undir jákvæðum þrýstingi. Klæðnaður fyrir slökkviliðsmenn (m.a. hjálmur, hlífðarstígvél og hlífðarhanskar) sem uppfyllir Evrópustaðal EN 469 veitir lágmarksvernd þegar um efnaslys er að ræða.

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Ætlað starfsfólki sem vinnur ekki við neyðarþjónustu : Engin aðgerð skal framkvæmd sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Rýma skal nærliggjandi svæði. Haldið ónauðsynlegum og óvernduðum starfsmönnum fjarri. Ekki snerta eða ganga í gegnum efnaleka. Slökkvið á öllum kveikjugjöfum. Engin blys, reykingar eða loga á hættusvæðinu. Andið ekki að ykkur gufu eða úða. Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Notið viðeigandi öndunargrímu þegar loftræsting er ekki næg. Notið viðeigandi hlífðarbúnað.

Fyrir bráðaliða : Ef nauðsynlegt er að klæðast sérhönnuðum fatnaði til að eiga við lekann skal leita upplýsinga í kafla 8 varðandi hentug og óhentug efni. Sjá einnig upplýsingar í kaflanum „Fyrir starfsfólk sem er ekki í neyðarþjónustu“.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

: Forðist að dreifa efnaleka og afrennsli og forðist snertingu við jarðveg, vatnaumhverfi, niðurföll og ræsi. Ef varan hefur valdið umhverfismengun (í niðurföllum, vatnaleiðum, jarðvegi eða andrúmslofti) ber að tilkynna það til viðeigandi yfirvalda. Efni sem veldur vatnsmengun. Getur verið hættulegt umhverfinu ef mikil losun á sér stað.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Lítill leki : Hindrið leka ef því fylgir engin áhætta. Fjarlægja skal ílát frá lekasvæði. Notið neistafrí verkfæri og sprengiheldan búnað. Þynnið með vatni og þurrkið upp með moppu ef efnið er vatnsleysanlegt. Ef efnið leysist ekki í vatni, skal ísoga það með óvirku þurru efni og setja í viðeigandi ílát til förgunar. Förgun sem verktaki með leyfi til að farga úrgangi sér um.

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

Mikill leki : Hindrið leka ef því fylgir engin áhætta. Fjarlægja skal ílát frá lekasvæði. Notið neistafrí verkfæri og sprengiheldan búnað. Nálgist lekann undan vindi. Hindra skal að efnið berist í ræsi, vatnaumhverfi, kjallara eða inn í lokuð rými. Hreinsið leka í skólphreinsistöðvum eða framkvæmið eftirfarandi. Afmarkið og takið upp leka með óbrennanlegu íseygu efni, þ.e. Sandi, jarðvegi, vermikúlíti eða kísilgúr, og setjið síðan í ílát til förgunar samkvæmt lögum og reglugerðum á hverjum stað. Förgun sem verktaki með leyfi til að farga úrgangi sér um. Mengað ísogsefni getur valdið sömu hættu og varan sem helltist niður.

6.4 Tilvísun í aðra liði : Nánari tengiliðaupplýsingar fyrir neyðarþjónustu er að finna í kafla 1. Nánari upplýsingar um viðeigandi hlífðarbúnað er að finna í kafla 8. Frekari upplýsingar um meðhöndlun úrgangs er að finna í kafla 13.

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar. Nota skal listann yfir viðurkennda notkun í kafla 1 til að finna áánlegar og sértækar upplýsingar um notkun sem settar eru fram í váhrifasviðsmyndum.

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Varúðarráðstafanir : Notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá Kafla 8). Aðilar með sögu um onæmisvandamál á húð skulu ekki starfa við nein þau ferli þar sem þessi vara er notuð. Forðist að berist í augu, á húð eða í fatnað. Takið ekki inn. Andið ekki að ykkur gufu eða úða. Forðist losun út í umhverfið. Notið einungis með nægilega góðri loftræstingu. Notið viðeigandi öndunargrímu þegar loftræsting er ekki næg. Farið ekki inn á geymslusvæði og lokuð rými nema fullnægjandi loftræsting sé tryggð. Geymið í upprunalegum umbúðum eða öðrum samþykktum umbúðum sem búnar eru til úr samrýmanlegu efni og eru þétt lokaðar þegar varan er ekki í notkun. Geymið og notið fjarri hita, neistum, opnum eldi eða öðrum kveikjugjöfum. Notið sprengiheldan rafbúnað (loftræsting, lýsing og meðferð efnis). Notið ekki verkfæri sem mynda neista. Grípa skal til varúðarráðstafana gegn losun stöðurafmagns. Tóm ílát eða lok geta innihaldið efnaleifar og verið hættulegar. Endurnotið ekki ílát.

Leiðbeiningar um almennt hreinlæti á vinnustöðum : Að borða, drekka og reykja skal vera bannað á svæðum þar sem þetta efni er meðhöndlað, geymt eða unnið. Starfsmenn skulu þvo hendur og andlit áður en þeir borða, drekka eða reykja. Afklæðist menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en farið er inn á svæði þar sem matar er neytt. Frekari upplýsingar um hreinlætisráðstafanir er að finna í kafla 8.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

Geymist í samræmi við lög og reglugerðir. Geymið á aðskildu og samþykktu svæði. Geymið í upprunalegum umbúðum varið beinu sólarljósi á þurrum köldum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum (sjá kafla 10) og mat og drykk. Geymist á læstum stað. Eyða skal öllum uppsprettum íkveikju. Gufur eru þyngri en loft og geta dreift sér niður með gólfblötum. Halda skal efninu aðskildu frá oxandi efnum. Haldið ílátum þétt lokuðum og innsigliðum þangað til þau eru tilbúin til notkunar. Ílát sem hafa verið opnuð verður að innsigla aftur vandlega og halda þeim uppréttum til að koma í veg fyrir leka. Geymið ekki í ómerktum ílátum. Notið viðeigandi umbúnað/umbúðir til að forðast mengun umhverfisins.

7.3 Sértæk, endanleg notkun

Ráðleggingar : Ekki fyrirleggjandi.

Sérstakar úrlausnir í iðnaði : Ekki fyrirleggjandi.

8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar. Upplýsingar eru veittar samkvæmt dæmigerðri áætlaðri notkun vörunnar. Viðbótar ráðstafana gæti verið krafist vegna meðhöndlunar búlka eða vegna annarrar notkunar sem gæti aukið umtalsvert váhrif starfsmanna eða váhrif almennt eða losun út í umhverfið.

8.1 Takmörkunarfærubreytur

Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi

8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

Vara/heiti innihaldsefnis	Viðmiðunarmörk fyrir váhrif
xýlen	Velferdarráðuneytið, Mengunarmarkaskrá (Ísland, 4/2009). Frásogað um húð. STEL: 442 mg/m ³ 15 mínútur. STEL: 100 ppm 15 mínútur. TWA: 109 mg/m ³ 8 klukkustundir. TWA: 25 ppm 8 klukkustundir.
Leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt	European Hydrocarbon Solvent Suppliers (CEFIC-HSPA) methodology (Evrópa). TWA: 100 mg/m ³ 8 klukkustundir.
1-Metoxý-2-própanól	Velferdarráðuneytið, Mengunarmarkaskrá (Ísland, 4/2009). Frásogað um húð. STEL: 568 mg/m ³ 15 mínútur. STEL: 150 ppm 15 mínútur. TWA: 185 mg/m ³ 8 klukkustundir. TWA: 50 ppm 8 klukkustundir.
Etýlbensen	Velferdarráðuneytið, Mengunarmarkaskrá (Ísland, 4/2009). Frásogað um húð. STEL: 884 mg/m ³ 15 mínútur. STEL: 200 ppm 15 mínútur. TWA: 200 mg/m ³ 8 klukkustundir. TWA: 50 ppm 8 klukkustundir.

Ráðlagðar verklagsreglur um vöktun : Ef þessi vara inniheldur efni með viðmiðunarmörk fyrir váhrif getur verið nauðsynlegt að kanna, með eftirliti á einkarymi, vinnustað og líffræðilegum rannsóknum, hvort fullnægjandi loftræstibúnaður, eða annars konar ráðstafanir, séu til staðar og/eða kanna hvort nauðsyn beri til að nota öndunargrímur. Vísa skal til eftirlitsstaðla, til að mynda eftirfarandi: Evrópustaðall EN 689 (Andrúmsloft á vinnustöðum - Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun fyrir íðefnum til að bera saman við viðmiðunarmörk og mælingaraðferð) Evrópustaðall EN 14042 (Andrúmsloft á vinnustöðum - Leiðbeiningar um innleiðingu og notkun á verklagsefnum til að meta váhrif gagnvart íðefnum og líffræðilegum áhrifavöldum) Evrópustaðall EN 482 (Andrúmsloft á vinnustöðum - Almennar kröfur um afköst verklagsreglna til að mæla íðefni) Einnig er krafist tilvísunar til leiðbeininga í hverju landi fyrir sig varðandi aðferðir til að meta hættuleg efni.

DNEL/DMEL-gildi

Engin DNEL/DMEL-gildi tiltæk.

PNEC (Predicted No-Effect Concentration)

Engin PNEC-gildi tiltæk.

8.2 Váhrifavarnir

Viðeigandi tæknilegt eftirlit : Notið einungis með nægilega góðri loftræstingu. Notið afmörkun vinnslusvæðis, staðbundna útblástursloftræstingu eða aðrar verkfræðilegar lausnir til að halda váhrifum vegna loftborinnar mengunar fyrir neðan öll þau mörk sem mælt er með eða sem lög kveða á um. Verkfræðilegar lausnir þarf einnig að nota til að halda styrk lofttegunda, gufu eða reyk fyrir neðan öll lægri sprengimörk. Notið sprengiheldan loftræstibúnað.

Ráðstafanir til að vernda einstaklinga

Hreinlætisráðstafanir : Þvoði hendur, handleggi og andlit vel eftir meðhöndlun efnavara, áður en fæðu eða drykks er neytt, fyrir reykingar og áður en farið er á snyrtinguna við lok vinnutíma. Beita skal viðeigandi aðferðum við að fjarlægja fatnað sem kann að hafa mengast. Ekki skal farið með vinnuföt af vinnustað hafi þau óhreinast af efninu. Þvoði föt, sem óhreinast af efninu, fyrir næstu notkun. Tryggja skal að augnaskolunarstöðvar og öryggissturtur séu nálægt staðsetningu hvernar starfsstöðvar.

8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

- Hlíðargleraugu/andlitsvörn** : Nota skal öryggisglæraugu sem uppfylla staðla þegar áhættumat gefur til kynna að nauðsynlegt sé að forðast váhrif vegna vökvaslettna, úða, lofttegunda eða ryks. Ef möguleiki er á snertingu skal klæðast eftirfarandi hlífðarfatnaði, nema mat á aðstæðum bendi til þess að þörf sé á meiri vörn: hlífðargleraugu með slettuhlífum.
- Húðvörn**
- Handvörn** : Notið efnaverndandi hanska sem flokkaðir eru samkvæmt staðli EN 374: hlífðarhanskar gegn íðefnum og örefnum.
Ráðlagð: Viton® eða Hanskar úr nítríli. Í þeim tilvikum sem langvarandi eða sífelld snerting gæti átt sér stað, er mælt með hönskum í verndarflokki 6 (slitþol umfram 480 mínútur samkvæmt EN 374). Þegar búast má við snertingu í aðeins skamman tíma, er mælt með hönskum í verndarflokki 2 eða hærri (slitþol meira en 30 mínútur samkvæmt EN 374). Notandinn verður að gæta þess að hanskagerðin sem verður fyrir valinu til að meðhöndla þessa vöru sé sú sem eigi best við og hafa einnig í huga þau sérstök notkunarskilyrði sem getið er í áhættumati notandans. VEITID ATHYGLI: Við val á sérstökum hönskum til beitingar á tiltekinn hátt og til endingar í ákveðinn tíma á vinnustað, skal einnig tekið tillit til allra annarra þátta viðkomandi vinnustaðnum, til dæmis, en ekki eingöngu: annarra íðefna sem gætu verið meðhöndluð, líkamlegra skilyrða (vörn gegn skurði/gati, handlagni, hitavörn), hugsanlegs ofnæmis gegn efni hanska, auk leiðbeininga/upplýsinga sem veittar eru af birgðasala hanskana.
Verjandi krem geta komið að gagni við að hlífa óvörðum húðsvæðum en slík krem ætti ekki að bera á eftir að váhrif hafa orðið.
- Hlífðarbúningur** : Velja skal persónuhlífar og hlífðarbúnað fyrir líkamann samkvæmt því verkefni sem leysa skal og þeirri áhættu sem það felur í sér og sérfræðingur þarf að samþykkja slíkt áður en varan er meðhöndluð. Þegar hætta er á íkveikju vegna stöðurafragnis skal klæðast hlífðarfatnaði úr afrafmagnandi efni. Klæðnaður skal fela í sér hlífðarföt, skófátnað og hanska úr afrafmagnandi efni til að fá bestu vernd gegn stöðurafragnis. Nánari upplýsingar er að finna í Evrópustaðli EN 1149 varðandi efni, hönnunarkröfur og prófunaraðferðir.
- Aðrar hlífar fyrir húð** : Velja skal viðeigandi skófátnað og hlífðarbúnað fyrir húðina samkvæmt því verkefni sem er fyrir höndum og þeirri áhættu sem það felur í sér. Sérfræðingur þarf að samþykkja slíkt áður en varan er meðhöndluð.
- Öndunaryörn** : Nota skal rétt áfesta lofthreinsandi eða fersklöftsgrímu sem uppfyllir viðkomandi staðla, ef hættumat gefur til kynna að slíkt sé nauðsynlegt. Val á öndunargrímu verður að vera byggt á þekktu eða áætluðu magni váhrifa, hættunni sem fylgir vörunni og öryggismörkum hinnar völdu öndunargrímu.
- Váhrifavarnir vegna umhverfis** : Losun úr loftræstingu eða vinnslubúnaði skal athuga til að tryggja að hún sé í samræmi við kröfur umhverfisverndarlöggjafar. Í sumum tilvikum eru gufuhreinsibúnaður, síur eða vélfræðilegar breytingar á vinnslubúnaðinum nauðsynlegar til að draga úr útblæstri þannig að hann sé viðunandi.

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

Útlit

- Eðlisfræðilegt form** : Vökvi.
- Litur** : Mismunandi
- Lykt** : Leysir.
- Lyktarmörk** : Ekki fyrirliggjandi.
- pH-gildi** : Á ekki við.
- Bræðslumark/frostmark** : Ekki fyrirliggjandi.
- Upphafssuðumark og suðumarksbil** : Lægsta þekkt gildi: 136.16°C (277.1°F) (xýlen).
- Blossamark** : Closed cup: 23°C
- Uppgufunarhraði** : Ekki fyrirliggjandi.
- Eldfimi (fast efni, lofttegund)** : Ekki fyrirliggjandi.
- Efri/neðri eldfimimörk eða sprengimörk** : Stærsta þekkt svið: Neðri: 1.48% Efri sprengimörk: 13.74% (1-Metoxý-2-própanól)

Dagsetning útgáfu/Dagsetning : 03/05/2017

endurskoðunar

Útgáfa : 3

8/16

AkzoNobel

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Gufubrýstingur	: Ekki fyrirbyggjandi.
Eðlismassi gufu	: Ekki fyrirbyggjandi.
Eðlismassi	: 1.45
Leysni	: Óleysanlegt í eftirfarandi efnum: kalt vatn.
Deilistuðull fyrir n-oktanól og vatn	: Ekki fyrirbyggjandi.
Sjálfsíkveikjuhitastig	: Ekki fyrirbyggjandi.
Niðurbrotshitastig	: Ekki fyrirbyggjandi.
Seigja	: Hreyfifræðilegur (stofuhiti): 69 mm ² /s
Sprengifimi	: Ekki fyrirbyggjandi.
Oxunareiginleikar	: Ekki fyrirbyggjandi.

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar frekari upplýsingar.

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

- 10.1 Hvarfgirni** : Engar upplýsingar úr rannsóknnum á hvarfgirni eru tiltækar fyrir þessa vöru eða innihaldsefni hennar.
- 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki** : Varan er stöðug.
- 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi** : Við eðlilegar aðstæður geymslu og notkunar, munu hættuleg efnahvörf ekki eiga sér stað.
- 10.4 Skilyrði sem ber að varast** : Forðist alla hugsanlega kveikjugjafa (neista eða eld). Ekki skal setja ílát undir þrýsting, skera, logsjóða, brasa, lóða, bora, mala þau eða láta ílát vera berskjölduð gegn hita eða kveikjugjöfum.
- 10.5 Ósamrýmanleg efni** : Hvarfgjarnt eða ósamrýmanlegt við eftirfarandi efni: oxandi efni
- 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni** : Við tiltekin geymslu- eða notkunarskilyrði ættu hættuleg niðurbrotsefni ekki að myndast.

11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif

Vara/heiti innihaldsefnis	Niðurstaða	Tegundir	Skammtur	Váhrif
xýlen	50% drápskammtur (LD50) Um munn	Rotta	4300 mg/kg	-
Solvent naphtha (petroleum), light arom. 1-metoxý-2-própanól	50% drápskammtur (LD50) Um munn	Rotta	8400 mg/kg	-
	50% drápskammtur (LD50) Á húð	Kanína	13 g/kg	-
	50% drápskammtur (LD50) Um munn	Rotta	6600 mg/kg	-
ethylbenzene	Miðgildisbanastyrkur (LC50) Innöndun Gas.	Kanína	4000 ppm	4 klukkustundir
	50% drápskammtur (LD50) Á húð	Kanína	17800 mg/kg	-
	50% drápskammtur (LD50) Um munn	Rotta	3500 mg/kg	-

11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Niðurstaða/Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Mat á bráðri eiturn

Leið	ATE (Acute Toxicity Estimates) gildi
Á húð	8810.6 mg/kg
Innöndun (gufur)	70.96 mg/l

Ertiing/ætiing

Vara/heiti innihaldsefnis	Niðurstaða	Tegundir	Stig	Váhrif	Rannsókn
Solvent naphtha (petroleum), light arom.	Augu - Væg ertandi áhrif	Kanína	-	24 klukkustundir	-
1-metoxý-2-própanól	Augu - Væg ertandi áhrif	Kanína	-	100 microliters	-
	Húð - Væg ertandi áhrif	Kanína	-	24 klukkustundir	-
				500 milligrams	
ethylbenzene	Augu - Mjög ertandi efni	Kanína	-	500 milligrams	-
	Húð - Væg ertandi áhrif	Kanína	-	24 klukkustundir	-
				15 milligrams	

Niðurstaða/Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Næmiing

Niðurstaða/Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Stökkbreytandi áhrif

Niðurstaða/Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Krabbameinsvaldandi áhrif

Niðurstaða/Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Eiturhrif á æxlun

Niðurstaða/Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Veldur vansköpunum

Niðurstaða/Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Sértæk eiturhrif á marklíffæri – váhrif í eitt skipti

Vara/heiti innihaldsefnis	Flokkur	Váhrifaleið	Marklíffæri
xýlen	3. undirflokkur	Á ekki við.	Ertiing öndunarfæra
Solvent naphtha (petroleum), light arom.	3. undirflokkur	Á ekki við.	Ertiing öndunarfæra og Sljóvgandi áhrif
1-metoxý-2-própanól	3. undirflokkur	Á ekki við.	Sljóvgandi áhrif
ethylbenzene	3. undirflokkur	Á ekki við.	Ertiing öndunarfæra

Sértæk eiturhrif á marklíffæri – endurtekin váhrif

Vara/heiti innihaldsefnis	Flokkur	Váhrifaleið	Marklíffæri
ethylbenzene	2. undirflokkur	Ekki skilgreint	heyrnarlíffæri

Ásvelgingarhætta

Vara/heiti innihaldsefnis	Niðurstaða
xýlen	ÁSVELGINGARHÆTTA - 1. undirflokkur
Solvent naphtha (petroleum), light arom.	ÁSVELGINGARHÆTTA - 1. undirflokkur
ethylbenzene	ÁSVELGINGARHÆTTA - 1. undirflokkur

11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Upplýsingar um líklegar váhrifaleiðir : Ekki fyrirbyggjandi.

Hugsanleg bráð áhrif á heilbrigði

Snerting við augu : Veldur alvarlegri augnertingu.
Innöndun : Getur valdið ertingu í öndunarferum.
Snerting við húð : Veldur húðertingu. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.
Inntaka : Ertandi fyrir munn, háls og maga.

Einkenni sem varða eðlis-, efna- og eiturfræðilega eiginleika

Snerting við augu : Hugsanlegar aukaverkanir eru meðal annars:
 verkir eða erting í húð
 tármyndun
 roði

Innöndun : Hugsanlegar aukaverkanir eru meðal annars:
 erting í öndunarvegi
 hósti
 höfuðverkur
 sljóleiki/preyta
 sundl/svimi
 slappleiki í vöðvum
 meðvitundarleysi

Snerting við húð : Hugsanlegar aukaverkanir eru meðal annars:
 ertandi áhrif
 roði

Inntaka : Engar sértækar upplýsingar.

Tafin og tafarlaus áhrif og langvinn áhrif eftir skammtíma- og langtímaváhrif

Skammvinn útsetning

Hugsanleg tafarlaus áhrif : Ekki fyrirbyggjandi.

Hugsanleg áhrif sem geta komið fram seinna : Ekki fyrirbyggjandi.

Langvinn útsetning

Hugsanleg tafarlaus áhrif : Ekki fyrirbyggjandi.

Hugsanleg áhrif sem geta komið fram seinna : Ekki fyrirbyggjandi.

Hugsanleg langvinn áhrif á heilbrigði

Ekki fyrirbyggjandi.

Niðurstaða/Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Almennt : Hafi næming átt sér stað geta afar væg váhrif valdið alvarlegum ofnæmisviðbrögðum.

Krabbameinsvaldandi áhrif : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

Stökkbreytandi áhrif : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

Veldur vansköpunum : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

Áhrif á þroska : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

Áhrif á frjósemi : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

Aðrar upplýsingar : Ekki fyrirbyggjandi.

12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif

Vara/heiti innihaldsefnis	Niðurstaða	Tegundir	Váhrif
xýlen	Bráður Miðgildisbanastyrkur (LC50) 8500 µg/l Sjávarvatn	Krabbadýr - Palaemonetes pugio	48 klukkustundir
	Bráður Miðgildisbanastyrkur (LC50) 13400 µg/l Ferskt vatn	Fiskur - Pimephales promelas	96 klukkustundir
Solvent naphtha (petroleum), light arom.	Bráður 50% verkunarstyrkur (EC50) 6. 14 mg/m ³	Halafær	48 klukkustundir
	Bráður Miðgildisbanastyrkur (LC50) 9. 22 mg/m ³	Fiskur - Mykiss	96 klukkustundir
ethylbenzene	Bráður 50% verkunarstyrkur (EC50) 3. 6 mg/l Ferskt vatn	Þörungar - Pseudokirchneriella subcapitata	96 klukkustundir
	Bráður Miðgildisbanastyrkur (LC50) 18. 4 til 25.4 mg/l Ferskt vatn	Halafær - Daphnia magna - Nýburi	48 klukkustundir
	Bráður Miðgildisbanastyrkur (LC50) 5. 1 til 5.7 mg/l Sjávarvatn	Fiskur - Menidia menidia	96 klukkustundir

Niðurstaða/Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

12.2 Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Niðurstaða/Samantekt : Ekki fyrirbyggjandi.

Vara/heiti innihaldsefnis	Helmingunartími í vatni	Ljósrof	Lífbrjótanleiki
ethylbenzene	-	-	Auðveldlega

12.3 Uppsöfnun í lífverum

Vara/heiti innihaldsefnis	LogP _{ow}	BCF	Hugsanleg
xýlen	3.12	8.1 til 25.9	lágt
1-metoxý-2-própanól	<1	-	lágt
ethylbenzene	3.6	15	lágt

12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

Klofningsfasti fyrir jarðveg/vatn (K_{oc}) : Ekki fyrirbyggjandi.

Hreyfanleiki : Ekki fyrirbyggjandi.

12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum

Þrávirk lífmagnandi og eitruð efni (PBT) : Á ekki við.

Mjög þrávirk, mjög lífmagnandi efni (vPvB) : Á ekki við.

12.6 Önnur skaðleg áhrif : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

13. LIÐUR: Förgun

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar. Nota skal listann yfir viðurkennda notkun í kafla 1 til að finna fáanlegar og sértækar upplýsingar um notkun sem settar eru fram í váhrifasviðsmyndum.

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Vara

13. LIÐUR: Förgun

Aðferðir við förgun : Forðast skal myndun úrgangs eða hún lágmörkuð allsstaðar þar sem kostur er. Förgun þessarar vöru, lausna og allra afleiddrar vöru skal á öllum tíma samræmast kröfum um umhverfisvernd og uppfylla löggjöf um förgun og úrgang og allar staðbundnar kröfur yfirvalda á hverjum stað. Förgun afganga og óendurvinnanlegra vara sem verktaki með leyfi til að farga úrgangi sér um. Ekki skal farga ómeðhöndluðum úrgangi í niðurfall nema slíkt standist kröfur allra dómbærra yfirvalda.

Hættulegur úrgangur : Flokkun vörunnar getur fallið undir viðmið um spilliefni og hættulegan úrgang.

Úrgangsskrá Evrópu (EWC)




Code number	Úrgangsflokkun
EWC 08 01 11*	úrgangsmálning og -lökk sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni

Pökkun

Aðferðir við förgun :

Sérstakar varúðarráðstafanir : Vörunni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt. Gæta skal varúðar við meðhöndlun tómrá ílátá sem hafa ekki verið hreinsuð eða skoluð vandlega. Tóm ílát eða lok geta innihaldið efnaleifar. Gufur frá leifum vörunnar geta myndað mjög eldfima eða sprengifima lofttegund inni í ílátinu. Ekki skal skera, sjóða eða slípa notuð ílát nema þau hafi verið hreinsuð vandlega að innanverðu. Forðist að dreifa efnaleka og afrennsli og forðist snertingu við jarðveg, vatnaumhverfi, niðurföll og ræsi.

14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

	ADR/RID	IMDG	IATA
14.1 UN-númer	UN1263	UN1263	UN1263
14.2 Rétt UN-sendingarheiti	MÁLNING	MÁLNING	MÁLNING
14.3 Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga	3 	3 	3 
14.4 Pökkunarflokkur	III	III	III
14.5 Umhverfishættur	Nei.	Nei.	Nei.
Frekari upplýsingar	<u>Sérákvæði</u> 640 (E) <u>Gangakóði</u> (D/E)	-	-

Aðgreiningarflokkur IMDG-kóða : Á ekki við.

14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda : **Flutningur efnis innan athafnasvæðis notanda:** flytjið efnið alltaf í lokuðum ílátum sem standa upprétt og eru tryggilega fest. Tryggið að starfsfólk sem flytur vöruna viti hvernig bregðast skal við við slys eða leka.

14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

14.7 Flutningar búlkafarms : Ekki fyrirliggjandi.
 skv. II. viðauka við
 MARPOL-samninginn frá og
 IBC-kóðanum

15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

ESB-reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH)

XIV. viðauki - Listi yfir efni sem á eftir að heimila

XIV. viðauki

Efni sem gefa tilefni til áhyggna

Ekkert innihaldsefnanna er skráð.

XVII. viðauki - : Á ekki við.

**Takmarkanir að því er
 varðar framleiðslu,
 markaðssetningu og
 notkun tiltekinna
 hættulegra efna,
 efnablandna og hluta**

Aðrar ESB reglugerðir

Skrá fyrir Evrópu : Ekki ákvarðað.

Sérstök fyrirmæli varðandi pakkningar

Ílát sem passa í : Á ekki við.

barnheldar festingar

Ápreifanleg hættumerki : Á ekki við.

Efni sem eyða ósonlaginu (1005/2009/ESB)

Ekki á skrá.

Fyrirframupplýst samþykki (PIC) (649/2012/EU)

Ekki á skrá.

Innlendar reglur

Tilvísanir : Samrýmist reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH), viðauka II og reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP)

15.2 Efnaöryggismat : Ekkert efnaöryggismat fyrir þetta efni hefur farið fram.

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

✓ Vísar í upplýsingar sem hafa breyst frá síðustu útgáfu.

**Skammstafanir og
 upphafsstafir** : ATE = Matsgildi bráðra eiturhrifa
 CLP = Reglugerð um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna [Reglugerð (EB) nr. 1272/2008]
 DMEL = Afleidd lágmarksáhrifamörk
 DNEL = Afleidd áhrifaleysismörk
 ESB-H setning = Hættusetning sem á við um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP-reglugerð)
 PBT = Efni sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð
 PNEC = Áætlaður styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg
 RRN = REACH-skráningarnúmer
 vPvB = Efni sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli

Aðferð notuð við flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Flokkun	Rökstuðningur
Flam. Liq. 3, H226 Skin Irrit. 2, H315 Eye Irrit. 2, H319 Skin Sens. 1, H317 STOT SE 3, H335 Aquatic Chronic 3, H412	Miðað við rannsóknarniðurstöður Reikningsaðferð Reikningsaðferð Reikningsaðferð Reikningsaðferð Reikningsaðferð
Heildartexti styttra H-setninga :	H225 H226 H304 H312 H315 H317 H319 H332 H335 H336 H373 (heyrnarlíffæri) H411 H412
Heildartexti flokkunar [CLP/GHS] :	Mjög eldfimur vökvi og gufa. Eldfimur vökvi og gufa. Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg. Hættulegt í snertingu við húð. Veldur húðertingu. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Veldur alvarlegri augnertingu. Hættulegt við innöndun. Getur valdið ertingu í öndunarfærum. Getur valdið sljóleika eða svima. Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif. (heyrnarlíffæri) Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif. Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
	BRÁÐ EITURHRIF (á húð) - 4. undirflokkur BRÁÐ EITURHRIF (innöndun) - 4. undirflokkur LANGVINN EITURHRIF - 2. undirflokkur LANGVINN EITURHRIF - 3. undirflokkur ÁSVELGINGARHÆTTA - 1. undirflokkur Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. ALVARLEGUR AUGNSKAÐI/AUGNERTING - 2. undirflokkur ELDFIMIR VÖKVAR - 2. undirflokkur ELDFIMIR VÖKVAR - 3. undirflokkur HÚÐÆTING/HÚÐERTING - 2. undirflokkur HÚÐNÆMING - 1. undirflokkur SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – ENDURTEKIN VÁHRIF (heyrnarlíffæri) - 2. undirflokkur SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – VÁHRIF Í EITT SKIPTI (Erting öndunarfæra) - 3. undirflokkur SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI – VÁHRIF Í EITT SKIPTI (Sljövogandi áhrif) - 3. undirflokkur

Dagsetning prentunar : 03/05/2017

Dagsetning útgáfu/ : 03/05/2017

Dagsetning endurskoðunar

Dagsetning fyrri útgáfu : 14/06/2016

Útgáfa : 3

Athugasemd ætluð lesanda

MIKILVÆG ATHUGASEMD: Upplýsingarnar í þessu öryggisblaði (sem gæti tekið breytingum annað veifið) eru ekki tæmandi og eru settar fram í góðri trú og taldar réttar á þeim degi þegar þær eru útbúnar. Það er á ábyrgð notanda að staðfesta að þetta öryggisblað sé nýjasta útgáfan áður en varan sem það vísar til er notuð.

Þeir sem nota upplýsingarnar verða sjálfir að ákvarða hvort viðkomandi vara hentar tilgangi þeirra áður en hún er notuð. Ef tilgangurinn er annar en sá sem mælt er sérstaklega með á þessu öryggisblaði notar notandinn vöruna á eigin ábyrgð.

FYRIRVARI FRAMLEIÐANDA: Framleiðandi hefur hvorki stjórn á né vitneskju um þau skilyrði, aðferðir og áhrifaþætti sem lúta að meðhöndlun, geymslu, beitingu, notkun og förgun vörunnar. Því ábyrgist framleiðandi ekki neina óæskilega atburði sem kunna að verða við meðhöndlun, geymslu, beitingu, notkun, misnotkun eða förgun vörunnar og framleiðandinn undanskilur sig sérstaklega, að því marki sem heimilað er í gildandi lögum,

Dagsetning útgáfu/Dagsetning endurskoðunar : 03/05/2017

Útgáfa : 3

15/16

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Ábyrgð á hvers kyns og öllu tapi, tjóni og/eða útgjöldum sem leiða af eða tengjast á einhvern hátt geymslu, meðhöndlun, notkun eða förgun vörunnar. Öruggr meðhöndlun, geymsla, notkun og förgun er á ábyrgð notenda. Notendur verða að fara að öllum gildandi lögum um heilsuvernd og öryggi.

Við afhendum allar vörur með fyrirvara um staðlaða fyrirtækisskilmála okkar, sem fela í sér takmarkanir á ábyrgð, nema við höfum samið sérstaklega um annað. Gætið þess að lesa þá og/eða viðkomandi samning sem kann að hafa verið gerður við AkzoNobel (eða tengt fyrirtæki, eftir atvikum).

© AkzoNobel